

## ✉ Re: Friðlýsingarskilmálar Lundeyjar - beiðni um umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands

Búið til	24.11.2020 15:21:50
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	24.11.2020 15:21:49
Tilheyrir	📁 202008-0021 - Tillaga að friðlýsingu Lundeyjar í Kollafirði

### Efni

Re: Friðlýsingarskilmálar Lundeyjar - beiðni um umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands

### Upplýsingar

Upplýsingar		Vinnsla	
Sent	24.11.2020 15:21:49	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	aron.eggertsson@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202008-0021 (TB)

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 21. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir friðlýsingu Lundeyjar í Kollafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir friðlýsingarskilmálana og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. „Í 6. gr. skilmálanna segir í 2. mgr. „Leigutaka er heimilt að fara í land á varptíma í samræmi við samning sem gerður skal við landeigandi að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.“ Enginn undanfari er á því að heimilt sé að leigja eyjuna út og kemur þetta því svólíti á óvart í skilmálunum. Spurning hvort ekki eigi að tilgreina með einhverjum hætti að heimilt sé að leigja eyjuna út.
2. Í 12. gr. 3. mgr. segir: „Komi til nýtingar leigutaka skal.....“ Sama ábending og hér að framan.
3. Í 5. gr. er fjallað um stjórnunar- og verndaráætlun. Hér er spurning hvort ekki eigi í síðustu mgr. að tilgreina þar líka leigutaka t.d. „.....m.a. fjalla um landnýtingu, þ.m.t. réttindi og skyldur leigutaka (þó það sé líka gert í samningi), landvörslu.....“ Það væri þá annarsstaðar búið að tilgreina að heimilt til

að leigja eyjuna út. Með sama hætti þarf að koma fram sá möguleiki að hætta leigu Lundeyjar ef hún er ekki talin samræmast vernd eyjunnar.

4. Náttúrufræðistofnun bendir á að í 13. gr. er fortakslaust bann við veiðum innan friðlandsins. Á þetta einnig við um leigutaka?

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



---

**From:** "Aron Geir Eggertsson" <[aron.eggertsson@umhverfisstofnun.is](mailto:aron.eggertsson@umhverfisstofnun.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>  
**CC:**  
**Subject:** Friðlýsingarskilmálar Lundeyjar - beiðni um umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands  
**Date:** 21.8.2020 13:50:31

Kæri viðtakandi,

Umhverfisstofnun, ásamt Reykjavíkurborg og landeiganda, kynnir hér með tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir Lundey í Kollafirði.

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framlagða tillögu. Frestur til að skila inn umsögn um tillöguna er til og með 20. nóvember 2020.

Í meðfylgjandi bréfi má nálgast frekari upplýsingar um tillöguna og hvar eigi að skila inn umsögn.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Aron Geir Eggertsson

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.png (3 KB)